

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 14/2023****2023/EES/75/14****frá 3. febrúar 2023****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1668 frá 10. nóvember 2020 þar sem tilgreindar eru nánari upplýsingar um upplýsinga- og fjarskiptakerfið, sem nota skal að því er varðar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/515 um gagnkvæma viðurkenningu á vörum sem eru löglega markaðssettar í öðru aðildarríki, og virkni upplýsinga- og fjarskiptakerfisins <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 3u (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/515) í XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„3ua. **32020 R 1668**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1668 frá 10. nóvember 2020 þar sem tilgreindar eru nánari upplýsingar um upplýsinga- og fjarskiptakerfið, sem nota skal að því er varðar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/515 um gagnkvæma viðurkenningu á vörum sem eru löglega markaðssettar í öðru aðildarríki, og virkni upplýsinga- og fjarskiptakerfisins (Stj. ESB L 377, 11.11.2020, bls. 7).“

*2. gr.*Texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1668, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>, eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 105/2020 frá 14. júlí 2020 <sup>(2)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2023.

Fyrir hönd sameiginlegru EES-nefndarinnar

**Nicolas von Lingen**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stj. ESB L 377, 11.11.2020, bls. 7.<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.<sup>(2)</sup> Stj. ESB L 172, 6.7.2023, bls. 20 og EES-viðbætur nr. 51, 6.7.2023, bls. 20.